



Kynlegt hve margar þær eru þessar stórkostlegu íslensku myndlistarkonur, sem hrúnið hafa niður á miðjum aldri. Og í raun athyglisvert hve margar úr einmitt þessum hópi hafa verið orðnar þekktar fyrir myndlist sína víðs vegar út um heim! Eitthvað á þessa leið varð einum sýningargesta að orði við opnun Ragnheiðar Ream á Kjarvalsstöðum um síðustu helgi.

Þetta er vissulega eftirtektarvert, bæði hve íslenskar konur í myndlist hafa einmitt á undanförunum 1–2 áratugum náð langt í samkeppninni erlendis, og einnig að þær hinar sömu hafa hrúnið niður á fimmtugs og sextugs aldri, einmitt í blóma listferils síns, þegar þær áttu mikið ógert. Nýlega var á yfirlitssýningu Ásgerðar Búadóttur stórt ofið teppi, sem hún hefur einmitt gert í minningu 7 listakvenna á svipuðu starfskeiði og hún sjálf. Það er tileinkað Barboru Arnason, Gerði Helgadóttur, Nínu Tryggvadóttur, Ragnheiði Ream, Eyborgu Guðmundsdóttur, Maríu Ólafsdóttur í Kaupmannahöfn og færeyskum félaga hennar, Áslaugu af Heygum. Úr hinum merkilega hópi listakvenna eru þó sem betur fer framúrskarandi listakonur á lífi.

Konur eins og Louisa Matthíasdóttir, sem lengi hefur verið meðal topplistamanna í New York, og sjálf Ásgerður Búadóttir, sem er meðal þekktustu listamanna á Norðurlöndum. Á skoðunarferð um nýuppgerð gamalt stórhýsi Fjárfestingabankans í Helsinki — sem er listaverk út af fyrir sig — og hýsir valin listaverk, sem safnað hefur verið víðs vegar um heim, stóð ég allt í einu andspænis einu af hinum sérkennilegu teppum Ásgerðar úr ull og hrosshári. Aldurshópur íslenskra myndlistarkvenna, sem kemur á eftir þessum merkiskonum, er svo óðum að hasla sér víðan völl, eins og t.d. grafiklistahópurinn. Ég er ekki viss um að menn hafi veitt því athygli hve konurnar í íslenskri myndlist hafa skarað fram úr og náð langt erlendis, þegar sagt er háðslega: „Af hverju eru svona fáar konur tónskáld...“ o.s.frv.

Metinn er maðurinn
manngildi er hugsjónin.
Enginn um ölmusu biður...

var sungið á kvennafrídaginn 1975. Íðulega hefur þó verið brugðið öðrum mælikvarða á konur en karla. Og allt er nagað vanans tönnum. Konur lengst af metnar eitthvað á borð við það sem segir í vísunni, sem hún

Guðríður í Austurhlíð brá fyrir sig í ræðu á bændahátíð fyrir nokkrum árum:

Öllum skepnum æðri er frú á henni bóndinn hefur mætur. Hún er á við kefla kú komin að burði um veturnætur.

En sú tíð er að líða hjá. Það eru allar jafnréttiskonur að minnsta kosti sammála um, hvar í flokki sem þær standa — og slatti af körlum líka. Breyting til jafnréttis á öllum sviðum er orðin ofarlega á stefnuóskaskrá allra stjórnmálaflokka. En hvernig? Það er spurningin, spyrjum við eins og Shakespeare sálugi. Og konur hefur reynzt jafn erfitt að fóta sig á svarinu eins og Hamlet heitnum. Hvernig á í raun með nýjum tímum og lífsháttum að veita konum sama frelsi og val í lífi sínu sem körlunum, án þess að börn og fjölskyldulíf detti niður á milli í umskiptunum. Þess vegna hafa flestir líka, hvar í flokki sem þær standa, lengi verið sammála um að t.d. vól á góðri dagvistun fyrir ung börn og samfelldur skóladagur fyrir þau eldri sé nauðsyn. Og málinu miðar — of hægt þó — sakir viðvarandi „peningaskortsleysis“.

En í umræðunni er jafnan

bara ein kona, „ung kona með fjölmörg börn“. Þær eru til. Sjö manna heimilin í Reykjavík eru 36 og 8 manna heimilin fimm. Tveggja manna heimilin aftur á móti 10 þúsund, og einhleypar konur um 33 þúsund talsins. Fyrir utan það sem er lykilmál fyrir barnakonurnar, þarf því fleira til að allar konur standi í raun jafnfætis körlum. Sjálfstæðiskonur hafa í heilan áratug verið í sínum félögum að reyna að fóta sig á þessu. Héldu m.a. stóra ráðstefnu um fjölskyldupólítík, aðra um konuna á vinnu-markaðnum og gáfu út bókina „Fjölskyldan í frjálsu samfélagi“ með greinum, þar sem krufðir voru ýmsir þættir málsins.

Mér hefur sýnt að þarna vegi tveir stórir þættir býsna þungt: miklir og sveigjanlegir endurmenntunarmöguleikar og fullorðinsfræðsla, fyrir þær sem kjósa að helga nokkur ár uppeldi barna og heimili, án þess að verða á eftir, og hins vegar sveigjanlegur vinnutími hvar sem því verður við komið í þjóðfélaginu, svo að heimilisfólk geti skipt með sér heimaveru og heimastörfum og unnið á mismunandi tíma. En möguleikarnir á slíkrí tilhögun fara hraðvaxandi með tölvubyltingunni, eins og komið er fram víða í Evrópu. Á undanförunum árum hefi ég því helzt reynt að leggja þessum málum lið. Það hefur gefizt vel að auka fullorðinsfræðslu í skólakerfinu og ekki síður að efla Námsflokka Reykjavíkur, fá undir þá Miðbæjarskólann og hafa þá svo sveigjanlega að þeir lagi sig jafnharðan að þörfum samfélagsins. Nú eru þar um 2000 manns að afla sér menntunar, sem þeir ekki fengu áður, í prófaleildum, námskeiðum til réttinda og hverskonar viðbótarnámi. Konur í meirihluta.

Sveigjanlegur vinnutími hefur líka verið undanfarin ár á óska-

lista. Þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa ítrekað borið fram tillögur um athugun á sveigjanlegum vinnutíma í ríkisfyrirtækjum. Og í borgarstjórn flutti undirrituð tillögu um sveigjanlegan vinnutíma í borgarstofnunum. Allra flokka borgarfulltrúar kepptust við að lýsa fylgi sínu. Þegar svo ári síðar var spurt hvað framkvæmd liði, þar sem margar konur í þjóðustu borgarinnar höfðu eftir leitað, var að heyra á borgarstjóra, að málið væri komið í gang í samvinnu við starfsmannafélagið. Það gladdi því mitt hjarta, þegar ég las í blöðunum um daginn, að nú hygðist Rafmagnsveita Reykjavíkur borgar ríða á vaðið. Rafmagnsstjóri segir mér að einkum konur hafi mikinn áhuga á því. En hvað gerist. Málið fer aftur á flækjng um kerfið. Er erindi RR nú vísað úr borgarráði til starfskjaranefndar. Ég sendi konunum og RR, sem oft hefur verið í fararbroddi með mætar nýjungar, baráttukveðjur. Megi þær hafa betri sigur í baráttunni við kerfið en riddarinn sjón-umhryggi í sjónvarpinu!

Næsta orusta verður kannski yfirgrípsmeiri. Þótt flestir séu sammála um að sveigjanlegur vinnutími sé það sem koma skal og hljóti að koma, þá setja stjórnvöld, samningamenn á vinnuarkaði, hagræðarar í bönkum o.s.frv. í öll lög og reglur sístytta kyrfilega afmarkaðan vinnutíma á deginum og stytta leyfilegan opnunar- og þjónustutíma. Verður nú ekki dulítið erfitt að dreifa vinnunni, ef hún verður öll að fara fram á sömu klukkustundunum?

Líklega er eitthvað til í því hjá Huxley karlinum, að maðurinn sé skrítin skepna — búinn blöndu af taugaveiklun hestsins, þrjósku asnans og meinsemi úlfaldans.


MYRA 27

- Getum nú boðið þennan glæsilega Mýra 27, þilfarsbát á Íslandi.
- Hann hefur í gegnum mörg ár verið einn vinsælasti fiskibátur af þessari stærð í Noregi.
- Meðal annars vegna eftirfarandi kosta:

- Traustleika og framúrskarandi sjóhæfni. (Djúpur kjölur).
- Einstaklega góðrar skipulagningar á allri vinnuáðstöðu.
- Fyrirkomulagi á manna-íbúðum.
- Haganlegri staðsetningu allra tækja í stýrishúsi og á þilfari.
- Þessi árangur hefur náðst með góðri samvinnu við norska fiskimenn.
- Byggður samkvæmt norðurlandareglum.
- Helstu mál eru þessi:
 - Heildarlengd 8,17.
 - Mesta breidd 2,75.
 - Athafnasv. á þilfari ca. 9 fm.
 - Djúprista 1,25.

● Ath.

Einnig er hægt að fá bátinn ófullbúinn þ.e.a.s. skrokk með áföstu húsi.



Hringið eða skrifíð og fáid frekari upplýsingar.

● Á. Björgvinsson,

Reynihvammi 5, 200 Kópavogi, sími 91-42347.



Hótelstjórar Helgolandsgadehótelanna. Frá vinstri: Mogens Nedergaard á Selandia, Jan Larsen á Triton, Chr. Jensen á Westend, Erik Nedergaard á Absalon og Niels Skov á Hebron, formaður sameiginlegrar stjórnar hótelanna.

Hótelin í Helgolandsgade í Khöfn:

5 hótel sameina rekstur

FLESTIR Íslendingar sem ferðast hafa til Kaupmannahafnar þekkja ýmist af eigin reynslu eða afspurn hótelin í Helgolandsgade, Hotel Hebron, Westend, Triton, Absalon og Selandia, en þessi gata hefur lengi verið kölluð hótelgatan. Nú hafa þessi 5 hótel sameinað afgreiðslu sína á einn stað og bjóða þannig 650 herbergi með 1200 rúmum.

Á undanförunum árum hefur hótelum fækkað mjög í Kaup-

mannahöfn og húsnæðið notað undir skrifstofur, en nú er hafin herferð til þess að stöðva þessa þróun og liður í því er þessi samvinna Helgolandsgadehótelanna, að sögn Ejner Skov, forstjóra Hotel Hebron, en umrædd hótel teljast ekki í hópi úrvalshótela, en þau hafa verið gerð upp á undanförunum árum og þykja vistleg. Verð á herbergi er frá 135–350 kr. sólarhringurinn.



VANTAR ÞIG VINNU

VANTAR ÞIG FÓLK

ÞÚ AUGLÝSIR UM ALLT
LAND ÞEGAR ÞÚ AUG-
LÝSIR Í MORGUNBLAÐINU